

Þegar mest á reynir

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/1695**  
**komudagur 12.4.2012**

Reykjavík 12. apríl 2012

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um beina þátttöku sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, 120. mál.**

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Stjórnin veitti umsögn, dags. 6. desember 2010, um áður framlagða tillögu til þingsályktunar. Í þeirri umsögn lýsti stjórn Fíh yfir stuðningi við tillöguna.

Stjórn Fíh styður sem fyrr að heimamenn á hverjum stað og starfsmenn geti haft áhrif á stefnu heilbrigðisstofnana, forgangsröðun verkefna og rekstur. Ráðgefandi stjórn getur gegnt slíku hlutverki. Stjórn Fíh vill engu að síður benda á þá leið sem þegar er kveðið á um í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, 20. gr. en þar segir m.a. um Landspítala:

Ráðherra skal skipa níu manns og jafnmarga til vara í ráðgjafarnefnd Landspítala til fjögurra ára í senn. Nefndin skal vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðgjafar og álits um þjónustu, starfsemi og rekstur spítalans. Skal nefndin m.a. fjalla um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir spítalans og langtímastefnu hans. Nefndin skal m.a. skipuð fulltrúum notenda þjónustu spítalans. Formaður skal í samráði við forstjóra boða til upplýsinga- og samráðsfunda eftir því sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Stjórn Fíh telur heppilegt að slíkar ráðgjafarnefndir verði starfandi að minnsta kosti við öll umdæmissjúkrahús landsins.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,



Elsa B. Friðfjónsdóttir, formaður

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1747*  
*komudagur 16.4.2012*

Velferðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, 120. mál.

Heil og sæl

Ég vil leggja spurningu fyrir nefndarmenn „Hefur farið fram könnun á þjónustu heilbrigðisstofnana fyrir og eftir að stjórnir voru lagðar niður“.

Háskólinn á Akureyri verði könnun á ánægju með þjónustu HSF fyrir opnun Héðinsfjarðargangna og voru 85% ánægðir með þjónustu stofnunar.

Hvernig er hægt að fullyrða það að aðkoma heimamanna og starfsmanna að stjórnun stofna muni frekar mæta þörfum sjúklinga um aukna þjónustu og þjónustan verði skipulegri.

Það hefur enginn könnun í þessa átt farið fram, svo ég viti, og rétt væri að gera það áður en svona fullyrðingar eru settar fram.

Það er að mínu viti ofnotuð orð eins og „íbúalýðræði“, „atvinnulýðræði“, „nærþjónusta“ muni aukast ef stjórnir stofnana verði skipaðar heimamönnum eða þjónusta verði færð til sveitarfélaga.

Ég spyr; hvað hafa stjórnendur stofnana verið að gera hin síðari ár annað en veita skjólstæðingum sem besta þjónustu og nýta það fjármagn sem eftir er í heilbrigðisþjónustu sem best.

Þjónustu stig fer mikið eftir getur stofnana til að veita þjónustu og þar ræður fjárveiting mestu máli, hvernig hefur þróun verið undanfarin á?

Að með aðkomu kjörinna fulltrúa sveitarfélaga og starfsmanna, að stjórnun stofnana, er ekki leið til að bæta þjónustu við sjúklinga eða gera stjórnun og nýtingu fjárveitinga skilvirkari.

Stjórn, sem enga ábyrgð ber á rekstri, til hvers er hún?

Bestu kveðjur,

Konráð

---

Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð

**Konráð Karl Baldvinsson**

**Forstjóri**



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1709*  
*komudagur 13.4.2012*

Fljótshéraði, 12. apríl 2012  
nr. erindis 201203127 SSB

Á 205. fundi bæjarráðs Fljótshéraðs 11. apríl. 2012 var tekið fyrir neðangreint erindi.

## **Þingsályktunartillögur um heilbrigðisþjónustu, til umsagnar**

Eftirfarandi fært til bókar:

Lagður fram tölvupóstur frá Sigrúnu Helgu Sigurjónsdóttur ritara nefndarsviðs Alþingis, dags. 26. mars með beiðni um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð 120.mál og tölvupóstur frá Kristjönu Benediktsdóttur nefndarsviði Alþingis, dags. 27. mars, með beiðni um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um tímasetta áætlun um yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga, 220 mál.

Varðandi tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð 120 mál, lýsir bæjarráð yfir stuðningi við tillöguna og fagnar því að stjórnendur heilbrigðisþjónustu í héraði og heimamenn, fái þar meira að koma að skipulagi og ákvarðanatöku, skv. tillögunni.

Tillaga til þingsályktunar um tímasetta áætlun um yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga, 220. mál.

Bæjarráð leggur áherslu á að áður en til þessarar tilfærslu kemur, verði búið að ganga fyllilega frá yfirfærslu á málefnum fatlaðra. Jafnframt leggur bæjarráð áherslu á að þegar og ef að yfirfærslunni kemur liggi fyrir vandað kostnaðarmat og tímasetningar. Einnig að fullt samráð verði haft við sveitarfélög um málið frá upphafi til enda.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
f.h. bæjarráðs Fljótshéraðs

Stefán Bragason  
skrifstofustjóri

Heilbrigðisstofnun Suðurlands  
sjúkrahús og heilsugæsla  
v/Árveg · 800 Selfoss  
sími 480 5100 · fax 480 5101

Alþingi  
Erindi nr. P 140/1700  
komudagur 13. 4. 2012



Heilbrigðisstofnun  
Suðurlands

Selfossi, 13.04. 2012.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 -10,  
150 Reykjavík.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar, 120. mál.**

Framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSu) hefur fjallað um þingsályktunina og veitir eftirfarandi umsögn um hana:

Ástæður breytinga á heilbrigðislögum, sem fólu í sér, að stjórnir heilbrigðisstofnana voru lagðar niður á sínum tíma, voru eflaust ýmsar.

Heilbrigðisstofnanir voru ríkisstofnanir og rekstur þeirra var fjármagnaður með fjárveitingum úr ríkissjóði. Mikil áhersla var því lögð á, að saman færi stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð. Framkvæmdastjórnar voru ráðnir af heilbrigðisráðuneyti og áttu að bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri stofnana í samræmi við lög og reglur um fjárreiður ríkisins. Starfsmannalög kváðu á um réttindi og skyldur forstöðumanna.

Of mörg dæmi voru um, að stjórnir heilbrigðisstofnana tóku ekki tillit til framangreindrar ábyrgðar. Einnig að einstaka stjórnarmenn voru of tengdir einstökum málum eða starfsmönnum til að þeir gætu talist hæfir til að fjalla um viðkomandi mál. Því olli þetta fyrirkomulag í ýmsum tilfellum verulegum stjórnunarerfiðleikum á ýmsum stofnunum, jafnvel árum saman, til verulegs skaða fyrir viðkomandi stofnanir.

Í greinargerð með þingsályktuninni er fullyrt, að hvergi sé í núgildandi lögum um heilbrigðisþjónustu gert ráð fyrir aðkomu starfsmanna eða sveitarstjórna að skipulagningu heilbrigðisþjónustunnar. Í því sambandi má benda á, að í 12. gr. núg. laga er kveðið á um upplýsinga- og samráðsfundi með starfsmönnum, sveitarstjórnunum og notendum þjónustunnar.

Í 13.gr.er kveðið á um fagrað starfsmanna, sem skulu vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðuneytis um fagleg atriði í rekstri heilbrigðisstofnana. Skylt er að leita álits fagraða um mikilvægar ákvarðanir, sem varða heilbrigðisþjónustu stofnana.




Á HSu eru haldnir starfsmannafundir eftir þörfum, ýmist fyrir stofnunina í heild eða einstakar deildir, ekki síst þegar brýn og mikilvæg mál eru til umfjöllunar. Gott samstarf og samráð er við sveitarstjórnir á þjónustusvæðinu, ekki síst við Samband sunnlenskra sveitarfélaga, SASS, eins og berlega hefur komið í ljós að undanförmu. Á stofnuninni eru starfandi lækna-, hjúkrunar- og ljósmæðraráð, sem ávallt er leitað til varðandi breytingar og skipulag heilbrigðisþjónustunnar á svæðinu.

Sjónarmið notenda heilbrigðisþjónustu um þjónustuna fara ekki alltaf saman við mat og sjónarmið fagfólks og stjórnenda í heilbrigðisþjónustu. Ákvarðanir stjórnenda heilbrigðisstofnana verða að byggjast á faglegu mati að teknu tilliti til laga og reglna. Stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana verða að hafa skýrt umboð varðandi ábyrgð og skyldur. Núgildandi lög og reglur um framkvæmd og eftirlit með heilbrigðisþjónustu duga vel til að tryggja hana sem best.

Framkvæmdastjórn HSu telur ekki þörf á að breyta lögum um heilbrigðisþjónustu m.t.t. framangreindra atriða. Með tilliti til stöðugt vaxandi krafna um, að stofnanir hagi starfsemi í samræmi við fjárlög og önnur lög og reglur um heilbrigðisþjónustu er mikilvægt að saman fari stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð. M.t.t. fyrri reynslu telur framkvæmdastjórnin, að skipun stjórna, sem draga úr slíkri ábyrgð, sé ekki til að stuðla að því, að uppfylltar verði kröfur um að fjárlögum verði fylgt í rekstri stofnana og fylgt verði lögum og reglum um heilbrigðisþjónustu.

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands,

  
Magnús Skúlason, forstjóri.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar.

komudagur 4.4.2012

Alþingi ályktar að fela velferðarráðherra að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga sem tryggja beina þátttöku fulltrúa sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu á þjónustusvæði viðkomandi heilbrigðisstofnunar. Markmiðið með frumvarpinu verði að auka íbúa- og atvinnulýðræði og að sjónarmið og óskir heimamanna og starfsmanna heilbrigðisstofnana ráði meiru en nú er þegar heilbrigðisþjónusta er skipulögð og þjónustu forgangsraðað.

Núverandi lög um heilbrigðisþjónustu voru sett 2007. Stjórnir stofnana voru aflagðar með lögum árið 2003. Úr greinargerð með frumvarpinu frá 2007. „III. Stjórn heilbrigðisstofnana.

Í ákvæðum kaflans er mælt fyrir um stjórnun heilbrigðisstofnana sem reknar eru af ríkinu. Á undanförunum árum hafa verið gerðar talsverðar breytingar á stjórnun opinberra stofnana og á það einnig við um heilbrigðisstofnanir. Fyrst er að geta þeirra breytinga sem gerðar voru á stöðu og hlutverki forstöðumanna ríkisstofnana með lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, þar sem valdsvið og ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana, þ.m.t. heilbrigðisstofnana, var aukið og vald og ábyrgð stjórnna ríkisstofnana að sama skapi minnkað. Skv. 38. gr. starfsmannalaganna ber forstöðumaður ábyrgð á að stofnun, sem hann stýrir, starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf og að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og getur hann þurft að sæta áminningu eða lausn frá störfum ef út af bregður. Er staða forstöðumanna ríkisstofnana sem æðstu yfirmanna hvernar stofnunar undirstrikuð með því að þeir einir eru skipaðir af ráðherra og bera því ábyrgð gagnvart honum. Í samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gerir frumvarpið ráð fyrir því að forstjórar ráði aðra starfsmenn og er ákvæði núgildandi laga þar sem mælt er fyrir um að ráðherra ráði þá sem sæti eiga í framkvæmdastjórn Landspítala fellt brott. Í samræmi við þetta og jafnframt í framhaldi af samkomulagi ríkisins og sveitarfélaga um niðurfellingu á 15% þátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva voru stjórnir heilbrigðisstofnana sem reknar eru af ríkinu lagðar niður með lögum nr. 78/2003, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, að frátalinni stjórnarnefnd Landspítala – háskólasjúkrahúss, sbr. 1. mgr. 30. gr. gildandi laga, en þær breytingar miðuðu að því að gera stjórnkerfi heilbrigðisstofnana skýrara og einfaldara.“ Þessi orð eiga enn við.

Ýmsar aðrar ástæður voru fyrir því að stjórnir voru aflagðar en sýnu mikilvægast var sú staðreynd að saman þarf að fara fjárhagsleg ábyrgð og rekstrarleg. Að hafa stjórn sem ber ekki neina ábyrgð er gangslaust að hafa. Í núverandi lögum er ákvæði um samráð við sveitarstjórnarmenn og ekki er annað vitað en það hafi allajafnan gengið vel víðast hvar enda lítið farið fyrir kvörtunum frá hendi sveitarfélaga um ónógt samráð.


Ekki hefur orðið vart gagnrýni frá samfélaginu/sveitarstjórnnum þess eðlis að skipulag og starfshættir stofnana sem hér um ræðir séu þeim vanköntum búnir að það þurfi að skipa þeim stjórnir sem í sætu sveitarstjórnarmenn svo unnt væri að leiða mál til betri vegar.

Rétt er að minna á að fyrir dyrum stendur flutningur á málefnum aldraðra til sveitarfélaga og hugsanlega einnig heilsugæsluna. Þegar og ef það gerist munu viðkomandi sveitarfélög sem taka við rekstrinum eðli máls samkvæmt skipa þeirri stofnun stjórn sem þá ber bæði fjárhagslega og rekstrarlega ábyrgð gagnvart sveitarstjórn.

Þingsályktunartillaga þessi er því óþörf eða í besta falli ótímabær.

Virðingarfyllst.

Blönduósi 3 apríl 2012.



Valbjörn Steingrímsson

forstjóri Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/1728*  
*komudagur 13.4.2012*



Velferðarnefnd Alþingis,  
Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 12. apríl 2012.  
1B2.

**Efni:** Umsögn um tillögu til þingsályktunar um beina þátttöku sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.  
Þskj. 120 – 120. mál.

Með bréfi dags. 26. mars sl. sendi Nefndasvið Alþingis Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til umsagnar tillögu til þingsályktunar um beina þátttöku sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð. Hér á eftir fylgir umsögn framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um þingsályktunartillöguna.

Samkvæmt greinargerð með þingsályktunartillögunni verður komið á einni stjórn í hverju heilbrigðisumdæmi, undir hverja heyrta geta fleiri en ein heilbrigðisstofnun eftir atvikum. Þetta atriði er þó ekki alveg skýrt því skilja má tillöguna einnig á þann veg að ein stjórn verði yfir hverri heilbrigðisstofnun.

Með tillögunni, ef samþykkt verður, bætist við enn ein stjórn/stofnun sem eftirlit hefur með rekstri heilbrigðisstofnana, en fyrir hafa slík hlutverk bæði Embætti landlæknis og Ríkisendurskoðun, auk velferðaráðuneytis. Eftirlitshlutverk nýrrar stjórnar, ef af verður, þarf að skýra frekar.

Þá þarf að vera skýrt hvert verði hlutverk nýrrar stjórnar og ábyrgðarsvið. Einnig hvaða kröfur slík stjórn getur gert til heilbrigðisstofnunar/-stofnana og hver verði tengsl hennar við velferðaráðuneytið, sem núverandi eiganda og raunverulegrar stjórnar heilbrigðisstofnana.


Ekki kemur fram í tillögunni, né greinargerð með henni hvernig skipað eða valið verði í þessar nýju stjórnir eða hver fjöldi stjórnarmanna verði. Verður t.a.m. ein stjórn á höfuðborgarsvæðinu með fulltrúum allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þetta þarf að skýra betur.

Auka þarf tengsl, samstarf og samskipti við sveitarfélögin og yrði án efa fengur af því ef unnt yrði að koma á formlegum eða formlegri farvegi samskipta milli heilbrigðisstofnana og sveitarfélaga. Slíkan farveg sjáum við þó fremur sem vettvang umræðu, upplýsingagjafar og




ráðgjafar um þjónustu og skipulag heilbrigðisþjónustu á starfssvæði sérhverrar heilbrigðisstofnunar


Virðingarfyllst,  
f.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins



Svanhvít Jakobsdóttir  
forstjóri




Lúðvík Ólafsson  
lækningaforstjóri



Þórunn Ólafsdóttir  
hjúkrunarforstjóri

Jónas Guðmundsson  
framkvæmdastjóri sviðs fjármála og rekstrar



Grétar Guðmundsson  
framkvæmdastjóri starfsmannasviðs





## HEILSUGÆSLUSTÖÐIN Á AKUREYRI

---

Tillaga til þingsályktunar  
Þingskjal 120 – 120. mál.

Akureyri  
14/4 2012

### **Umsögn Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri um þingsályktunartillögu um beina þátttöku sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.**

Reynslan af starfi stjórna hjá Heilsugæslustöðinni á Akureyri er sú að það er grundvallarmunur á stjórn sem ber ábyrgð á rekstri og starfsemi og stjórn sem hefur ráðgjafar- og samráðshlutverk. Við teljum að markmiðum þingsályktunartillögunnar með auknu samráði og samvinnu í grunnþjónustu sé hægt að ná með einfaldari hætti en að setja ráðgefandi stjórnir aftur yfir heilbrigðisstofnanir. Má þar benda á margskonar samráðsvettvang milli heilsugæslu, öldrunarþjónustu, félagsþjónustu og skólaþjónustu sveitarfélaga. Þennan samráðsvettvang er hægt að formgera með þeim hætti að nýtist öllum aðilum í skipulagningu þjónustu og stefnumótun.

Einnig má benda á aðrar leiðir, svo sem þá sem farin hefur verið á Akureyri þar sem sveitarfélagið rekur bæði heilsugæslu og öldrunarþjónustu og hefur náð að samþætta skipulag og þjónustu á nokkuð heildstæðan hátt fyrir íbúa svæðisins.

Fyrir hönd Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri

Margrét Guðjónsdóttir  
Framkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 140/1719  
komudagur 1.140/1719

## Hrunamannahreppur.

---

Sími 480 6600, Fax 480 6606, netfang; [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is), heimasíða [www.hrunamannahreppur.is](http://www.hrunamannahreppur.is)


Velferðarnefnd Alþingis  
Skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

Á fundi hreppsnefndar Hrunamannahrepps 12. apríl s.l. var fjallað um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð. Hreppsnefnd tekur undir með flutningsmönnum að auka beri þátttöku sveitarfélaga í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.“

Flúðum 13. apríl 2012  
Sveitarstjórnin í  
Hrunamannahreppi.  
  
Jón G. Valgeirsson



**LEB**

**Landssamband eldri borgara**

Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík  
KT: 600989-4059; Fax:+3545515835  
Símar: +3545677111/ +3548599711  
Netfang: [leb@leb.is](mailto:leb@leb.is)  
Heimasíða: [www.leb.is](http://www.leb.is)

***Alþingi***  
***Erindi nr. P 140/1809***  
***komudagur 18.4.2012***

**Efni: Umsögn um mál 120 Þingskjal 120.**

Framkvæmdastjórn Landssamband eldri borgara hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um beina þátttöku sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, 120. mál á þskj. 120.

Landssambandið á fulltrúa í nefnd sem velferðarráðuneytið hefur skipað til þess að fjalla um flutning á málefnum aldraðra frá ríki til sveitarfélaga. Í þeirri nefnd er eðlilega fjallað um stjórnarfyrrikomulag allrar heilbrigðisþjónustu.

Þá hefur nefnd sem innanríkisráðuneytið skipaði skilað álitni þar sem lagt er til að málefni aldraðra, heilsugæsla og heimahjúkrun verði flutt samhliða til sveitarfélaga. Í þeirri nefnd áttu sæti m.a. fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar. Sömu aðilar eiga einnig sæti í fyrrgreindri nefnd sem vinnur að flutningi málefna aldraðra frá ríki til sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að sú nefnd skili álitni á næsta eða þar næsta ári. Starf þeirrar nefndar stefnir að sama markmiði og flutningsmenn framangreindrar tillögu hafa í huga og Framkvæmdastjórn Landssambands eldri borgara er sammála því markmiði að flytja verkefni á sviði heilbrigðismála sem næst þeim sem þjónustunnar eiga að njóta. Framkvæmdastjórn Landssambands eldri borgara leggur áherslu á að það þjónar hagsmunum eldri borgara best að nærsamfélagið geti haft áhrif á hvernig þjónustan er veitt. Þegar verkefnið er komið í hendur sveitarfélaga eða umdæmisstjórnar heilbrigðisstofnunar er heimamönnum í sjálfsvald sett hvernig þeir tryggja aðild kjörinna fulltrúa og starfsfólks viðkomandi stofnunar heimamanna að stjórnun viðkomandi stofnunar. Með því að vonir standa til að skammt sé til þess að nefndin sem vinnur að flutningi málefna aldraðra frá ríki til sveitarfélaga ljúki störfum er ljóst að sú skipan sem tillagan gerir ráð fyrir yrði aðeins til bráðabirgða. Framkvæmdastjórn Landssamband eldri borgara þykir því ekki efni til að hrófla við núverandi skipan mála og gera þær breytingar sem tillagan gerir ráð fyrir.

Framkvæmdastjórnin mælir því ekki með samþykkt tillögunnar að þessu sinni.

Reykjavík, 18. apríl 2012

f.h. Landssambands eldri borgara

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir  
formaður Landssambands eldri borgara



**LEB**

**Landssamband eldri borgara**

Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík  
KT: 600989-4059; Fax:+3545515835  
Símar: +3545677111/ +3548599711  
Netfang: [leb@leb.is](mailto:leb@leb.is)  
Heimasíða: [www.leb.is](http://www.leb.is)

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 140/1914**  
**komudagur 23.4.2012**

23.4.2012

Þingsályktun um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, 120. mál.

Sendi hér með umsögn bæjarráðs Mosfellsbæjar varðandi ofangreinda þingsályktun, 120. mál.


*„Bæjarráð Mosfellsbæjar gerir ekki athugasemd við framkomna þingsályktun um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð og tekur undir orð flutningsmanna þess efnis að með aukinni aðkomu heimamanna og starfsmanna að skipulagningu þjónustunnar megi mæta frekar þörfum sjúklinga á viðkomandi svæði. Slíkt geti stuðlað að því að almenn heilbrigðisþjónusta sé veitt í heimabyggð og að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. Bæjarráð Mosfellsbæjar er fylgjandi því að heilsugæslan flytjist frá ríki til sveitarfélaga“.*

**Með kveðju,**

**Stefán Ómar Jónsson**  
**framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs/ bæjarritari**  
**Mosfellsbær**

Alþingi  
Erindi nr. P 140/1922  
komudagur 24.4.2012

Alþingi  
Velferðarnefnd  
150 REYKJAVÍK



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 17. apríl 2012

Tilvísun: 2012030475PS/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs velferðarnefndar Alþingis frá 26. mars 2012 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um beina þátttöku sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð (120. mál á 140. löggjafarþingi, þskj. 120). Þingsályktunartillagan varðar ekki reglur um vinnslu persónuupplýsinga og eru því ekki gerðar athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þórður Sveinsson'. The signature is fluid and cursive, with a large initial 'Þ' and a long, sweeping tail.

Þórður Sveinsson





*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1788*  
*komudagur 17.4.2012*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16. apríl 2012

1112018SA TP  
Málalykill: 40

### **Efni: Tillaga til þingsályktunar um stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð - 120. mál 140. lþ.**

Með tölvupósti nefndasviðs Alþingis dags. 26. mars sl. var ofangreint þingmál sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Eins og rakið er í greinargerð með tillögunni, var það nokkuð umdeilt skref á sínum tíma (í upphafi árs 2003) að leggja niður stjórnir heilbrigðisstofnana. Var sú aðgerð einkum rökstudd með breyttum áherslum í ríkisrekstri, og því að auka bæri ábyrgð og valdsvið forstöðumanna.

Í umsögn sinni um frumvarp það sem varð að lögum nr. 78/2003, gerði sambandið fyrir sitt leyti ekki athugasemd við að áfram verði skipaðar stjórnir fyrir heilbrigðisstofnanir þótt sveitarfélögin létu eftir lögbundinn rétt á tilnefningum fulltrúa sinna í stjórnirnar. Sambandið tók því ekki undir rökstuðning frumvarpsins, þótt það legðist heldur ekki gegn breytingunni.

Um þessar mundir stendur yfir á vegum velferðarráðuneytisins víðtækt starf við stefnumótun í heilbrigðismálum. Meðal þess sem horft er til er áframhaldandi flutningur velferðarþjónustu frá ríki til sveitarfélaga, þar sem það er hagkvæmt og í þágu notenda að vista þjónustuþætti innan nærsamfélagsins. Möguleg yfirfærsla á málefnum aldraðra er að taka á sig mynd auk þess sem hugað er að yfirfærslu á tiltekinni heilbrigðisþjónustu, einkum heimahjúkrun og þáttum í heilsugæslu.

Að mati sambandsins er það eðlilegur þáttur í vinnunni að gerð sé úttekt á því hvernig sú skipan hafi reynst að ekki séu starfandi stjórnir eða ráðgjafarnefndir við aðrar heilbrigðisstofnanir en Landspítalann (sbr. 20. gr. laga nr. 40/2007). Meðal annars er tilefni til þess að skoða hvort tilvist slíks samráðsvettvangs í héraði hefði skipt máli við þá erfiðu aðlögun að skertum fjárveitingum sem átt hefur sér stað í heilbrigðiskerfinu frá árinu 2008. Sambandið minnir í því sambandi á fjölmargar ályktanir sem sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra hafa sent frá sér við undirbúning fjárlaga undanfarinna ára.

Sérstaklega kvað að óánægju sveitarstjórnarmanna í tengslum við fjárlagafrumvarpið 2012, og hversu lítið samráð væri haft við þá vegna niðurskurðaráforma. Forsvarsmenn sambandsins tóku málefnið upp á vinnufundi með velferðarráðherra í nóvember sl. þar sem ráðherra lýsti þeirri skoðun að það væri hlutverk forstöðumanna heilbrigðisstofnana á hverju svæði að eiga samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir.



Sambandið telur gagnrýni sveitarstjórnarmanna hafa verið fyllilega réttmæta og gefa sjálfstætt tilefni til endurskoðunar á hlutverki forstöðumanna heilbrigðisstofnana. Hvað það varðar vill sambandið benda á að sú röksemd að efla vald og ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana á ekki við á sveitarstjórnarstiginu þar sem skipulag stjórnsýslunnar gengur í ríkum mæli út á aðkomu kjörinna fulltrúa í nefndum og ráðum. Þau sveitarfélög sem tekið hafa við heilbrigðisþjónustu sem reynslusveitarfélög, eða á grundvelli þjónustusamninga, hafa tengt þessa starfsemi við fastanefndir sveitarfélagsins sem þá hafa gegnt hlutverki stjórnar viðkomandi heilbrigðisstofnunar.

Með vísan til þessa getur sambandið stutt þingsályktunartillöguna, sérstaklega að því marki sem hún eflir aðkomu heimamanna að rekstri stofnana í héraði. Hins vegar er ekki tekin afstaða til þess að svo stöddu, hvaða vægi starfsmannasjónarmið eigi að hafa, t.d. við mögulega yfirfærslu á heilbrigðisþjónustu frá ríki til sveitarfélaga. Reiknað er með að velferðarráðuneytið fari í gegnum slík atriði í þeirri stefnumótunarvinnu sem nú stendur yfir.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/1933**  
**komudagur 24.4.2012**

Velferðarnefnd Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari

**Málefni: Umsögn bæjarráðs Hornafjarðar um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, 120. mál frá velferðarnefnd Alþingis.**

Bæjarráð Hornafjarðar tekur undir efnisatriði tillögunar þess efnis að auka eigi beina aðkomu sveitarstjórnar og starfsmanna heilbrigðisstofnana að stjórnun stofnana. Sveitarfélagið Hornafjörður hefur haft heilbrigðis- og öldrunarmál á könnu sinni allt frá árinu 1996. Fyrst sem reynslusveitarfélag og síðar á grunni þjónustusamnings. Vegna þessa fyrirkomulags hafa boðleiðir styðst, íbúar og kjörnir fulltrúar þeirra hafa beina aðkomu að stjórnun stofnana sem færir valdið þess vegna nær íbúum og að endingu eiga fulltrúar starfsmanna og stjórnendur aðild að stjórn stofnunarinnar.

Með þessu fyrirkomulagi hefur samþætting heilbrigðis- og öldrunarþjónustu við önnur svið velferðarmála aukist, s.s. frekari liðveiðslu og félagslega heimaþjónustu. Jafnframt hefur þetta leitt af sér stóreflda heimahjúkrun og heimaþjónustu með tilheyrandi fækkun á stofnanþjónustu.

Það er því mat bæjarráðs Hornafjarðar að eðlilegt sé að stefna að yfirfærslu heilbrigðis- og öldrunarmála frá ríki til sveitarfélaga. Slíkt þarf að undirbúa vel og að mörgu að hyggja. Greinilegt er að fjárveitingum til þessara mála er skammtað á ólíkan hátt til einstakra svæða og mikilvægt að gætt verði meira jafnræðis í þeim eignum.

Það er því ekki einungis réttlætismál að auka aðgang starfsmanna og íbúa að skipulagningu og forgangsörðun þjónustu heldur líka að auka jafnræði í dreifingu fjárveitinga til stofnana.

Virðingarfyllt,

Ólafía I. Gísladóttir

ritari

[olafia@hornafjordur.is](mailto:olafia@hornafjordur.is)

Sveitarfélagið Hornafjörður

Hafnarbraut 27

780 Hornafirði

sími 470 8000



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/1810**  
**komudagur 18.4.2012**

Skagafjörður, 18. apríl 2012  
nr. erindis 1204033 HSB

Á 589. fundi Byggðarráðs Skagafjarðar 18. apríl 2012 var tekið fyrir neðangreint erindi.

**Óskað umsagnar um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð**

Svofelid bókun var gerð:

Byggðarráð tekur heilshugar undir tillögu til þingsályktunar um beina þátttöku sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, 120. mál.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
f.h. Byggðarráðs Skagafjarðar

  
Helga S. Bergsdóttir  
Stjórnsýsluritari

Alþingi  
Erindi nr. P 140/1669  
komudagur 30.3.2012

Velferðarnefnd Alþingis.

Bæjarstjórn Ölfuss tók til umsagnar á fundi sínum þann 29. mars. s.l. tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð mál nr. 120.

Eftirfarandi bókun varðandi málið var samþykkt samhljóða:

„Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss tekur undir þingsályktun um að fela velferðarráðherra að kanna með lagasetningu þar sem sveitarfélögunum verði heimiluð þátttaka í stefnumótun og framkvæmd heilbrigðisþjónustunnar“.

Þetta tilkynnist hér með.

Með bestu kveðjum

Guðni Pétursson  
bæjarritari  
Sveitarfélagsins Ölfuss  
sími 480-3800 bréfasími 480-3801  
[guдни@olfus.is](mailto:guдни@olfus.is)  
[www.olfus.is](http://www.olfus.is)

Alþingi  
Erindi nr. P 140/1662  
komudagur 29.3.2012



Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ


Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165  
postur@vel.is velferðarraduneyti.is

Reykjavík 27. mars 2012  
Tilv.: VEL12030221/00.04.03

Velferðarráðuneytið vísar til erindis velferðarnefndar Alþingis, dags. 26. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, 120. mál. Ráðuneytið veitir ekki umsögn um tillöguna á þessu stigi en velferðarráðherra mun eftir atvikum lýsa afstöðu sinni til málsins, komi það til frekari umfjöllunar á Alþingi.

Fyrir hönd ráðherra

  
Bolli Þór Bollason

  
Margrét Sigurðardóttir



Alþingi  
Erindi nr. P 140/1745-  
komudagur 16.4.2012



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

Reykjavík 16. apríl 2012

**Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um tillögu til þingsályktunar um beina þátttöku sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð. Þingskjal 120 – 120. mál.**

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) styður tillögu til þingsályktunar um beina þátttöku sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu. Markmið tillögunar er að auka íbúa- og atvinnulýðræði og að sjónarmið og óskir heimamanna og starfsmanna heilbrigðisstofnana ráði meiru en nú er þegar heilbrigðisþjónusta er skipulögð og þjónustu forgangsraðað. Með tillögunni ályktar alþingi að fela velferðarráðherra að undirbúa og leggja fram á næsta þingi lagafrumvarp þess efnis að fulltrúar sveitarstjórna og starfsmenn heilbrigðisstofnana komi með beinum hætti að skipulagningu þjónustu við viðkomandi heilbrigðisstofnun með skipan stjórnar sem hefði það hlutverk að hafa eftirlit með rekstri heilbrigðisstofnana og vera ráðgefandi varðandi skipulag og þjónustu stofnunarinnar. ÖBÍ varar við að framkvæmd þjónustunnar og eftirlit sé á einni hendi, nema að eingöngu sé um innra eftirlit að ræða. Það telur heillavænlegra að ytra eftirlit sé í höndum ríkisins til að tryggja réttindi notenda þjónustunnar.

Til að tryggja íbúalýðræði og að sjónarmið og óskir heimamanna komi fram telur ÖBÍ nauðsynlegt að fulltrúi fatlaðs fólks komi að skipulagi þjónustu heilbrigðisstofnana og bendir í því sambandi á 0 lið í formála samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þar sem stendur að „fatlað fólk ætti að eiga kost á því að eiga virka aðild að ákvarðanatöku um stefnumið og áætlanir, m.a. ákvarðanatöku sem varðar það með beinum hætti“. Einnig má í þessu sambandi benda til 3. liðar 4. greinar samningsins þar sem fram kemur að tryggja eigi þátttöku fatlaðs fólks við ákvarðanatöku um málefni þess. Enn fremur vill ÖBÍ vekja athygli á að í tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014 sem lögð hefur verið fyrir Alþingi kemur fram í markmiðum liðar D um heilbrigði að efla eigi heilsugæslu sem grunnheilbrigðisþjónustu til að mæta þörfum fatlaðs fólks. Hér kemur fram að bæta eigi og hlúa sérstaklega að þessum hópi innan veggja

**Við stöndum fyrir réttlæti – Ekkert um okkur án okkar!**


ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS • Hátúni 10 • 105 Reykjavík • Sími 530 6700 • Fax 530 6701 • Heimasíða [www.obi.is](http://www.obi.is) • Netfang [obi@obi.is](mailto:obi@obi.is)

heilsugæslunnar. Í ljósi þessa telur ÖBÍ nauðsynlegt að fulltrúi notenda þessa hóps  
taki þátt í skipulagi þjónustunnar.

Öryrkjabandalag Íslands vonar að jákvætt verði tekið í ofangreindar ábendingar þess.

Virðingarfyllt

f.h. Öryrkjabandalags Íslands



Guðmundur Magnússon, formaður ÖBÍ